

Lyngmóar, Kjarmóar og Hrísmóar

Fornleifaskráning vegna deiliskipulags

Ragnheiður Traustadóttir



Forsíðumynd: Yfirlitsmynd af svæðinu. Loftmyndir ehf.

Ritstjóri: Ragnheiður Traustadóttir

Uppsetning: Ragnheiður Traustadóttir

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

[www. antikva.is](http://www.antikva.is)

Útgefandi: Antikva ehf

ISBN númer: 978-9935-9509-3-2

© Ragnheiður Traustadóttir

Efnisyfirlit

Myndaskrá	4
Inngangur	5
Fornleifaskráning	6
Tilgangur fornleifaskráningar	7
Fornleifaskráning og aðferðir	10
Jarðarnúmer	11
Tegund, hlutverk og heiti.....	11
Staðsetning.....	11
Staðhættir og lýsing	11
Hættumat	12
Fornleifar á svæðinu.....	12
Hofsstaðir [177].....	13
Stekkurinn-Stekkjatún [1430] heimild stekk	15
Stekkjarlindin-Lindin [1431] heimild vatnsból	15
Stekkjargata [1433] heimild um leið	15
Leið [1434] – traðir [1426] heimild um götu og traðir	16
Samantekt og niðurstöður.....	16
Heimildir	18
Kort og landamerkjaskrár	18
Árnastofnun - Örnefnasafn	18

Myndaskrá

Mynd 1 Deiliskipulagssvæðið er innan gulu línunnar. Staðsetning á Stekknum og Stekkjarlindin er ekki nákvæm.....	6
Mynd 2 Skráningarform í Garðabæjar grunninum sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands.....	10
Mynd 3 Yfirlistkort af fornleifum á svæðinu en þær eru allar horfnar.	12
Mynd 4 Túnakort 1918 sýnir traðir og leið sem fer norður frá bænum.	13
Mynd 5 Gula lína sýnir Stekkjargötu og fram hald hennar í átt að Arnarnesbrú [1461]. Innan rauða hringsins er ónákvæm staðsetning á Stekknum[1430] og Stekkjarlindinni [1431]. Allar minjar eru horfnar undir byggð.	14
Mynd 6 Gula lína sýnir leið [1434].	16

Inngangur

Að beiðni Arinbjörns Vilhjálmssonar, skipulagsstjóra Garðabæjar, tók Ragnheiður Traustadóttir fornleifafræðingur, fyrir hönd Antikvu ehf., að sér að skrá fornleifar vegna vegna deiliskipulags Lyngmóa, Kjarmóa og Hrísmóa sem Sigurður Hallgrímsson arkitekt, hjá Arkþing ehf. vinnur að.

Skráningarsvæðið afmarkast af Bæjarbraut í vestur og norður og Hofstaðabraut í austur og Kirkjulundi í suður. Um ræða hverfin, Lyngmóar, Kjarmóar og Hrísmóar. Þetta svæði tilheyrði til forna jörðinni Hofsstöðum.

Skýrsluhöfundur hefur skráð þetta svæði og eru allar minjar horfnar en í heimildum má sjá að þarna hefur verið leið [1434], Stekkjargata [1433], Stekkurinn [1430] og Stekkjarlind [1431]. Þetta svæði er allt komið undir byggð og því eru litlar líkur á því að þarna séu einhverjar fornleifar að finna í dag.

Skráningin fól í sér athugun á fyrri skráningum, heimildasöfnun, vettvangsskráningu og úrvinnslu, mat á minjum innan skipulagssvæðisins.

Við fornleifaskráninguna var farið eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands.

Fornleifaskráning

Fornleifaskráning hefur áður farið fram á hluta af þessu svæði vegna aðalskipulags Garðabæjar en þá skráningu vann Fornleifastofnun Íslands ses. Og kom sú skýrsla út árið 2009. Í henni er að finna skráningu á Hofsstöðum en þó ekki tæmandi.¹ Frá því sú skráning fór fram hafa staðlar Minjastofnunar Íslands breyst hvað varðar fornleifaskráningu og ber nú meðal annars að mæla upp allar minjar. Ekki voru neinar minjar skráðar á þessu svæði en í þeirri skráningu var Stekkurinn og Stekkjarlindin skráð og staðsett í Brekkubyggð 40-52 sem er ekki rétt.



Mynd 1 Deiliskipulagssvæðið er innan gulu línunnar. Staðsetning á Stekknum og Stekkjarlindin er ekki nákvæm.

¹ Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Rúnar Leifsson. *Fornleifaskráning í Garðabæ*.

Tilgangur fornleifaskráningar

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 (mml.), sem tóku við af þjóðminjalögum nr. 107/2001 1. janúar 2013, njóta fornleifar friðunar og eru þannig verndaðar gegn hvers kyns raski.

Í 3. mgr. 3. gr. mml. eru fornleifar skilgreindar með svofelldum hætti:

„Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skráðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,

c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,

e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,

f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,

g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,

h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,

i. skipsflök eða hlutar þeirra.“

Í 21. gr. mml. er kveðið á um verndun fornleifa:

„Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.

Minjastofnun Íslands gerir nauðsynlegar ráðstafanir til verndar fornleifum, viðhalds eða endurbóta, en áður skal gera landeiganda eða ábúanda viðvart um þær. Ef nauðsyn krefur lætur Minjastofnun Íslands rannsaka fornleifar með uppgreftri eða á annan hátt.“

Friðhelgi fornleifa er ekki háð því að þær séu þekktar eða hafi verið skráðar. Ef áður óþekktar fornleifar finnast ber að tilkynna það Minjastofnun Íslands, sbr. 38. gr. mml., og án tafar skv. 1. mgr. 23. gr. megi ætla að þær séu í hættu.

Eitt af markmiðum fornleifaskráningar er að sporna við því að minjar verði fyrir skemmdum af gáleysi eða að nauðsynjalausu. Fornleifaskráning kemur að notum í minjavörslu þegar ákvarðanir eru teknar um aðgerðir til verndar einstökum minjastöðum eða minjasvæðum. Auk þess kemur hún að gagni í rannsóknum og kynningum. Í þessu tilviki, þar sem unnið er að deiliskipulagi á útvistarsvæði, verða til möguleikar á að kynna og nýta minjar á svæðinu.

Ekki er það síður hagar þeirra sem stýra hvers konar framkvæmdum að eiga aðgang að yfirliti um fornleifar á tilteknu svæði. Segja má að við það vinnist tvennt. Unnt verður að taka tillit til minjanna við skipulagsvinnu og nýta þær til að varðveita sögu staðarins í landslaginu. Einnig má minnka stórlega líkur á að framkvæmdaraðilar rekist í miðjum klíðum á fornleifar sem þeir gerðu sér ekki grein fyrir að gætu verið fyrir hendi en reynist svo nauðsynlegt að rannsaka með tilheyrandi kostnaði og töfum á framkvæmdum.

Björgunaruppgroftur, sem er unninn vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum, er heldur ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinnar.

Fornleifaskráning sameinar þess vegna hagsmuni fræðigreinarinnar og þeirra sem standa að framkvæmdum.

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal skv. 16. gr. mml. fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.

Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrárm með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknum skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Almennt er æskilegt að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum en sé þess enginn kostur ber að tilkynna Minjastofnun Íslands um framkvæmdirnar með sannanlegum hætti með minnst fjögurra vikna fyrirvara eins og segir í 23. gr. mml. Enn fremur segir að Minjastofnun Íslands ákveði að undangenginni vettvangskönnun hvort frekari rannsóknar sé þörf, hvort gera skuli tillögu um friðlýsingu eða hvort fornleifarnar megi víkja og þá með hvaða skilmálum. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda fyrr en ákvörðun Minjastofnunar Íslands liggur fyrir.

Í 2. mgr. 28. gr. mml. segir að framkvæmdaraðili greiði kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

Attributes	Text	Relations	Geo Objects	Documents	Events
Attribute	Value				
Sérheiti	Vífilsstaðabeitarhús				
Bæjarnafn	Vífilsstaðir				
Jarðatal Johnsen	175				
Flokkun	Búsetuminjar				
Tegund	Tóft				
Lengd	11.5 meter				
Breidd	8.2 meter				
Hæð	1,20 metrar				
Athugasemdir					
Umhverfi	Hraun, mosi, lyng og birki				
Adalsvæði	Heiðmörk				
Svæði	Svínahraun				
Túnakort	<None>				
Heimildir					
Örnefnaskrá	Ö-Álftaneshreppur GS, 18. Ö-Vífilsstaðir GS.				
Aldur	1800-1900				
Skráning	RT-LLD				
Mæling	Uppmæling				
Ár	2014,2017				
Dagur					
Horfin	Nei				
Horfin_astæða	<None>				
Hættumat	Engin hættu				
Hættuorso	<None>				
Ástand	Vel greinanlegar fornleifar				
GPS hnit Norður	6403585				
GPS hnit Vestur	2152501				
Verkefni	Deiliskipulag Vífilsstaðir				
Gömul númer	175-23				
Sveitarf	Garðabær				
Sveitarfagsnr	210				
Friðað	Já				

Mynd 2 Skráningarform í Garðabæjar grunninum sem fylgir stöðlum Minjastofnunnar Íslands.

Fornleifaskráning og aðferðir

Við fornleifaskráninguna voru fornleifar flokkaðar allar undir jörðina Hofstaði. Fjallað er um hvern minjastað fyrir sig. Ljósmyndir eru teknar ef fornleifar finnast og gerð kort auk þess sem minjarnar voru hnitsettar og færðar inn á loftljósmynd frá Loftmyndum ehf. Í þessu tilviki er nákvæm staðsetning á minjunum óþekkt enda allar horfnar.

Jarðarnúmer

Minjar eru auðkenndar með númeri og sérheiti þeirra ef við á, til dæmis „Stekkurinn [1616]“ og hlutverki þeirra, til dæmis „Stekkjargata [1625]“, síðan er tegund nefnd á eftir númeri til frekari skýringar. Ef stendur *heimild* á eftir númeri þá hafa ekki fundist fornleifar á vettvangi. Fyrsta númer innan hornklofa er númer skráningarinnar í landfræðilega gagnagrunni Garðabæjar yfir fornleifar, örnefni og sögulegar minjar í Garðabæ.

Tegund, hlutverk og heiti

Tegund og hlutverki minja er eins og venjan er um fornleifaskráningar lýst í fáum orðum, þ.e. hvort um sé að ræða tóftir bæja eða útihúsa, höfn, byrgi, túngarð og þar fram eftir götunum.

Stundum sér fornra minja ekki stað í landslaginu þótt þeirra sé getið í heimildum og kunna margar ástæður að vera fyrir því. Kemur þá fram í fornleifaskránni að „heimild“ sé til um til dæmis útihús. Er leitast við að hafa fornleifaskrána eins nákvæma og kostur er því að leifar fornminja kunna að leynast í jörðu þótt ekki sé unnt að sjá þær með berum augum á yfirborðinu.

Hafi fornminjarnar sérnafn, til dæmis Stekkurinn [1430], er það sérstaklega skráð en þegar engu slíku er til að dreifa kemur fyrir að hlutverki þeirra sé lýst þar sem heitið stæði annars, til dæmis stígur eða varða.

Staðsetning

Tekin voru GPS hnit á öllum minjum eða þær mældar upp með nákvæmu GPS mælingartæki úti á vettvangi og þau færð inn í landupplýsingagrunn Garðabæjar. Staðsetning þeirra er svo færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. Í hjálagðri fornleifaskrá eru bæði gefin upp GPS hnit og hnit í landshnitakerfinu Ísnet 93 þegar við á. Í þessu tilviki eru fornleifar staðsettar eftir korti og á loftmynd. Gögnum er einnig skilað í stafrænu formi í landupplýsingakerfi.

Staðhættir og lýsing

Ávallt er greint frá afstöðu skráðra minja í landslaginu, þeim og staðhættum lýst, bæði formi, umfangi og ástandi, og aðrar athugasemdir gerðar þegar þörf krefur, til dæmis vísað í aðrar heimildir.

Hættumat


Leitast er við að leggja mat á þá hættu sem að fornleifunum kann að steðja, bæði af völdum náttúru og manna. Þetta er gert til að unnt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana liggi minjar undir skemmdum eða geti orðið fyrir raski. Hætta vegna ábúðar þýðir að framkvæmdir eða álag kunni að raska fornminjum. Hætta vegna veðrunar þýðir að fornleifar séu smám saman að mást í burtu fyrir áhrif lofts eða vatns. Hætta vegna landbrots þýðir að fornleifar geti glatast af völdum vatns eða uppblásturs.

Ekki er lagt mat á hættuna þegar einungis er til heimild um fornleifar en þær ekki fundist við vettvangsskráninguna. Í þessu tilviki var það 4 fornleifar sem hafa horfið vegna framkvæmda og er eingöngu getið í heimildum.

Fornleifar á svæðinu



Mynd 3 Yfirlistkort af fornleifum á svæðinu en þær eru allar horfnar.



Mynd 4 Túnakort 1918 sýnir traðir og leið sem fer norður frá bænum.

Hofsstaðir [177]

Elstu skráðu heimildirnar um “Hofstader” er að finna í íslenska fornbréfasafninu. Árið 1395 á Viðeyjarklaustur Hofsstaði, en þeir eru sagðir ein af þeim jörðum sem undir klaustrið komu síðan Páll ábóti kom til Viðeyjar.

Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns 1704 segir um “Hofstader” að þeir séu hálflenda svokölluð, því að þar sé ekki fyrirsvar nema til helmings á móts við lögbýlisjarðir. Jarðardýrleiki sé óviss, eigandinn konungurinn og ábúandinn Vernharður Einarsson:

Uppdráttur af Hofsstöðum í Garðahreppi er til á túnakorti frá árinu 1918. Þar kemur fram að sléttuð tún eru 2,9 teigar og kálgarður 700 m². Á uppdrættinum sést afstaða bæjarins og útihúsa sem þá voru.

Hinn 2. maí 1827 var jörðin seld, sem verið hafði í konungseign um aldir, fyrir 121 rd. Kúgildislaus. Búskapur lagðist af á Hofsstöðum árið 1965.

Fornleifarannsóknir sýndu fram á miklu eldri búskapasögu en heimildir en landnámsskáli fannst við fornleifauppgröft skammt vestur af núverandi bæjarstæði Hofsstaða.

Hofsstaðabærinn stóð þar frá upphafi og fram á 13. öld, en var síðan fluttur, mögulega á þann stað sem núverandi bæjarhús stendur.



Mynd 5 Gula lína sýnir Stekkjargötu og fram hald hennar í átt að Arnarnesbrú [1461]. Innan rauða hringsins er ónákvæm staðsetning á Stekknum[1430] og Stekkjarlindinni [1431]. Allar minjar eru horfnar undir byggð.

Stekkurinn-Stekkjatún [1430] heimild stekk

Í skrá yfir örnefni og fiskimið segir: „Norður frá bænum var stekkur þessi niður við Mýrina.”² og í annarri örnefnaskrá segir; " Við mýrarjaðarinn austan bæjarins var Stekkurinn, forn stekkur, stóð í svokölluðu Stekkatúni." ³ Nú er þétt byggð þar sem stekkjartúnið og stekkurinn var áður. Ekki sést til fornleifa. Stekkurinn var einhvers staðar við Lyngmóa hverfið. Stekkurinn var um 300-350 m norður af Hofstaðarbænum [1415].

Stekkjarlindin-Lindin [1431] heimild vatnsból

Í skrá yfir örnefni og fiskimið segir: „Lind eða uppspretta rétt við Stekkinn. Stekkjarlindin var einnig kölluð Lindin. Gott vatnsból." Nú er þétt byggð þar sem stekkjatúnið var áður en það eru Lyngmóar.

Stekkjargata [1433] heimild um leið

Í Örnefnum og leiðum í landi Garðabæjar segir: „Stekkjargatan lá heiman frá bænum norður í jaðar Hofstaðamýrar (Austurmýrar) og þar var Stekkurinn." ⁴ Stekkjargatan lá í því í gegnum traðirnar [1426] sem næst beinni línu frá Hofstaðabænum [1415] að Stekkjartúni [1430]. Á herforingaráðskortinu frá 1909 má síðan sjá að gatan heldur áfram yfir Vetramýrina og niður að Arnslækjarvað [1460]- Arnanesbrú [1461].⁵ Þessi leið hefur verið bæjarleiðinn milli Arnarnesbæjar og Hofstaða og verið notuð þegar mór var sóttur í Mýrina. Gatan er nú undir byggð.

² Skrá yfir örnefni og fiskimið í Álfthaneshreppi, 5

³ Ö-Hofsstaðir GS, 1

⁴ Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar, bls. 20.

⁵ Fornleifaskráning Arnarnes í Garðabæ. Deiliskipulag Arnarnes 2018, bls.37-38.



Mynd 6 Gula lína sýnir leið [1434].

Leið [1434] – traðir [1426] heimild um götu og traðir

Á túnakorti frá 1918 sést 90 m löng gata -traðir liggja norður frá bæjarhúsum, að útihúsi [1421] og út úr túni. Stekkjargatan hefur líka legið þarna [1433] en heldur svo áfram í norður en rétt ofan við þar sem stekkurinn á hafa staðið hefur þessi leið [1434] beygt til vestur og endar við Hafnarfjarðarveg [880]. Traðirnar [1426] hafa að líkindum áður legið þar sem nú er bílastæði Vídalínskirkju. Leið [1434] er sýnd á herforingjaráðskorti frá 1909. Gata þessi, sem og túnið allt, er komin undir byggð.

Samantekt og niðurstöður

Á svæðinu voru skráðar fjórar fornleifar og eru þær allar horfnar. Allar minjarnar hafa verið í landi Hofsstæða. Þarna er um ræða leiðir [1434], [1433], traðir [1426], Stekkinn [1430] og Stekkjarlind [1431].

Ekki er að sjá nein merki á yfirborði um minjar á eða í námunda við skipulagssvæðið enda er það fullbyggt að mestu.

Ef áður óþekktar fornleifar koma í ljós á framkvæmdasvæðinu ber að stöðva framkvæmdir, varast frekara rask og tilkynna þegar í stað um fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. 38. gr.

mml. Minjastofnun Íslands metur eðli þeirra og umfang og hvort rannsókna sé þörf áður en framkvæmdir halda áfram.

Er því beint til framkvæmdaraðila að reyna að sneiða hjá fornleifum og komast hjá því að raska þeim í lengstu lög. Í 21. gr. mml. segir um verndun fornleifa, að „jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, [megi] enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands“.

Heimildir

Guðlaugur Rúnar Guðmundsson. *Örnefni og leiðir í landi Garðabæjar*. III. Safn til Sögu Garðabæjar. Garðabær: Garðabær, 2001.

Gullbringu- og Kjósarsýsla. Sýslu- og sóknalýsingar. Útg. Guðlaugur R. Guðmundsson og Svavar Sigmundsson. Reykjavík: Sögufélag, 2007.

Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns. Gullbringu- og Kjósarsýsla, III. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag í Kaupmannahöfn, 1923-1924.

Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða í landinu. Útg. J. Johnsen. Kaupmannahöfn, 1847.

Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Rúnar Leifsson. *Fornleifaskráning í Garðabæ*. FS414-05192. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, 2009.

Kort og landamerkjaskrár

Túnakort Hofsstaða. 1919.

Árnastofnun - Örnefnasafn

Ö-Álftaneshreppur GS: *Örnefnaskrá Álftaneshrepps hins forna*. Gísli Sigurðsson skráði 1964.

Ö-Hofsstaðir: *Hofsstaða*. Ónafngreindur skrásetjari skráði.



Ö-Hofsstaða EBB:

Örnefnalýsing Urriðakots. Svanur Pálsson skráði 1988.



Hornar fornleifar

Deiliskipulag, Lyngmóar, Kjarmóar og Hrísmóar



Kort
Nr 1

Antikva ehf.

Kortagerð: Ragnheiður Traustadóttir

Skráning: RT 2017

Dagsetning: 11.11.2019